

Sp.

675. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu íbúðarhúsa.

Flm.: Ísleifur Högnason, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að byggð verði íbúðarhús í þeim kaupstöðum landsins, þar sem húsnæðisþörfin er mest, í svo stórum stíl, sem unnt er, til að fullnægja þörfinni, útvega fjármagn til bygginganna og veita aðstoð sína um útvegum byggingarefnis.

Greinargerð.

Það er á allra vitorði, að í Reykjavík og ýmsum öðrum kaupstöðum landsins er fjöldi fólks húsnæðislaus yfir sumartímum, og má þá gera sér í hugarlund, hvernig ástandið verður í haust, ef ekkert verður byggt í sumar.

Það er ekki álitlegt fyrir einstaka menn að ráðast í húsabyggingar til að leigja út á þessum tímum, enda býst enginn við, að svo verði. Sama er að segja um byggingarfélag verkamanna. Félagsmálaráðherra hefur að vísu lýst því yfir, að Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík telji ekki útilokað, að félagið hafi aðstöðu til að byggja í sumar, en þá myndi leigan verða miklu hærri en almenn leiga í bænum. Nú er það tilgangurinn með lögum um verkamannabústaði að útvega verkamönnum sæmilegt og ódýrt húsnæði. Ef nú leigan í hinum svo kölluðu verkamannabústöðum færi að verða miklu hærri en almennt tíðkast, þá væri það furðulegt öfugstreymi. Þá væri vitaskuld ekki lengur um neina verkamannabústaði að ræða, heldur miklu fremur húsnæði fyrir efnaðri borgara.

Eina færa leiðin er, að hið opinbera láti byggja íbúðarhús og leigi út íbúðir með viðráðanlegri leigu, eins og tíðkast um sambærilegar íbúðir í eldri húsum. Ef hægt er að fá byggingarefni frá Bretlandi, þá væri það tvímælalaus gróði fyrir þjóðfélagið, enda þó leigan yrði ákveðin í samræmi við gjaldþol þess fólks, sem nú er húsnæðislaus, og er yfirleitt fátækasta fólkið. Á slíkum tímum dugir ekki að einblína á það, að kostnaður og tekjur slíkra nauðsynjaframkvæmda standist á. Aðalatriðið er, að hér er um viðfangsefni að ræða, sem verður að leysast, til þess að firra stórvandræðum.

Flestum mun nú ljóst orðið, hvílíkt fyrirhyggjuleysi það var, vægast sagt, að tillögum sósíalista um að hefjast handa um framleiðslu innlends byggingarefnis var engu sinnt fyrir stýrjöldina. Nú er allt í tvisýnu, en hins verður að krefjast, að einskis sé látið ófreistað til að leita úrræða einnig í því efni.